

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Ársskýrsla
2001

Landlæknisembættið
Apríl 2002

**Ársskýrsla
Landlæknisembættisins**

2001

**Landlæknisembættið
Apríl 2002**

Efnisyfirlit

	Bls.
Formáli	3
I. Hlutverk og helstu verkefni	4
II. Skipulag og fjárhagur.....	5
III. Sóttvarnir.....	10
IV. Kvartanir, kærur og klínískar leiðbeiningar	15
V. Heilbrigðistölfraði	17
VI. Gæðamál og lýðheilsa.....	20
VII. Útgáfa.....	25
VIII. Upplýsingamál	26
IX. Ráð, nefndir og vinnuhópar	27

Formáli

Landlæknisembættinu var komið á laggirnar árið 1760 og er því með elstu embættum landsins. Hlutverk þess hefur að sjálfsögðu breyst talsvert í aldanna rás og umfang þess og verkefni sífellt farið vaxandi. Eru þau helstu dregin saman stuttlega í fyrsta kafla þessarar ársskýrslu. Ársskýrslur frá embættinu hafa ekki komið út reglulega en ætlunin er að svo verði héðan í frá. Hins vegar hefur embættið staðið fyrir útgáfu heilbrigðisskýrslna frá árinu 1896. Nú er unnið að breytingu á formi þeirrar útgáfu, ekki hvað síst í ljósi möguleika á rafrænni framsetningu. Gert er ráð fyrir að helstu heilbrigðistölur landsmanna verði til reiðu á netinu jafnóðum eftir því sem þær berast og úr þeim er unnið. Jafnframt verður skýrsla á borð við þá sem nú kemur út í fyrsta sinn árviss viðburður. Vonast er til að hún veiti betri innsýn en áður í starfsemi embættisins og nýtist flestum þeim sem til embættisins leita.

Sigurður Guðmundsson

landlæknir

I. Hlutverk og helstu verkefni

Landlæknisembættið er starfrækt samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 þar sem helstu verkefni embættisins eru skilgreind. Samkvæmt þeim lögum eru meginþættir starfseminnar eftirfarandi:


- ❖ Ráðgjöf til ráðherra, ríkisstjórnar og Alþingis um hvaðeina er varðar heilbrigðismál. Í því felst m.a. að semja og veita umsagnir um lagafrumvörp á sviði heilbrigðisþjónustu.
- ❖ Eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana.
- ❖ Kvartanir og kærur er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar.
- ❖ Eftirlit með heilsufari landsmanna og gerð tillagna um aðgerðir til úrbóta.
- ❖ Sóttvarnir.
- ❖ Fræðsla til almennings um forvarnir og heilsueflingu.
- ❖ Skipulag skráningar, söfnun og úrvinnsla gagna frá heilbrigðisstarfsfólki og -stofnunum ásamt útgáfu heilbrigðisskýrsla.
- ❖ Skráning úrsagna úr miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði.
- ❖ Útgáfu- og upplýsingastarf, m.a. með starfrækslu vefseturs Landlæknisembættisins á Netinu.
- ❖ Heilbrigðisráðstafanir er varða almannavarnir.
- ❖ Alþjóðleg samvinna í heilbrigðismálum.

II. Skipulag og fjárhagur

Stjórnskipulag

Nýtt stjórnskipulag var sett upp hjá Landlæknisembættinu í janúar 2000. Það byggði á greiningu verkþátta og mati á þeim áherslum sem stefnt er að í starfi embættisins. Stjórnskipulagið var endurskoðað í ársbyrjun 2001 og gerðar á því nokkrar breytingar. Starfsemi embættisins skiptist nú samkvæmt því í fjögur fagsvið og eitt stoðsvið. Fagsviðin taka til sóttvarna, heilbrigðistölfraði, gæða- og lýðheilsamála og kærumála og klínískra leiðbeininga. Stoðsviðið annast skrifstofurekstur og fjármál. Hverju sviði er stýrt af framkvæmdastjóra, sóttvörnum af sóttvarnalækni, en þeir ásamt landlækni og aðstoðarlandlækni mynda framkvæmdastjórn.

Skipurit



Starfsmenn 2001

Í lok ársins 2001 voru eftirtaldir við störf hjá embættinu:

Yfirstjórn

Sigurður Guðmundsson	landlæknir
Gerður Helgadóttir	aðstoðarmaður landlæknis

Stoðsvið – fjármál og rekstur

Pórarinn Gunnarsson	skrifstofustjóri
Jónína Margrét Guðnadóttir	upplýsinga- og útgáfustjóri
Steinunn Sigurbjörnsdóttir	móttökuritari
Þorgerður Þormóðsdóttir	móttökuritari

Kærusvið og klínískar leiðbeiningar

Haukur Valdimarsson	aðstoðarlandlæknir (frá 1.9. 2001)
Matthías Halldórsson	aðstoðarlandlæknir (í leyfi frá 1.9. 2001)
Katrín Guðjónsdóttir	læknaritari
Sigurður Helgason	læknir

Sóttvarnasvið

Haraldur Briem	sóttvarnarlæknir
Guðrún Sigmundsdóttir	læknir
Júlíana Héðinsdóttir	læknaritari
Þorbjörg Guðmundsdóttir	verkefnisstjóri
Þuríður Halla Árnadóttir	læknir

Gæða- og lýðheilsusvið

Vilborg Ingólfssdóttir	framkvæmdastjóri
Anna Björg Aradóttir	verkefnisstjóri
Gísli Georgsson	verkefnisstjóri
Haukur Eggertsson	verkefnisstjóri
Hrefna Þorbjarnardóttir	læknaritari
Salbjörg Bjarnadóttir	verkefnisstjóri
Sigríður Egilsdóttir	verkefnisstjóri

Heilbrigðistölfræðisvið

Sigríður Haraldsdóttir	framkvæmdastjóri
Guðrún Kristín Guðfinnsdóttir	verkefnisstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir	verkefnisstjóri

Á árinu létu Kristín Guðmundsdóttir skrifstofustjóri og Anna Sigríður Guðnadóttir bókasafnsfræðingur af störfum hjá embættinu. Í sumarafleysingum störfuðu hjá embættinu Sara Halldórsdóttir, nemi í bókasafnsfræði og Steinunn Þórðardóttir læknanemi. Jón Gauti Jónsson, ráðgjafi hjá PricewaterhouseCoopers, starfaði með embættinu vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar þar til núverandi skrifstofustjóri, Pórarinn Gunnarsson viðskiptafræðingur, hóf störf þann 1. júlí 2001. Hildur Sigurðardóttir ljósmóðir og hjúkrunarfræðingarnir Hildur Helgadóttir og Ásta Thoroddsen störfuðu á gæða- og lýðheilsusviði í hlutastarfi um þriggja mánaða skeið.

Fjárhagur Landlæknisembættisins

Ársreikningur 2001

Eins og kunnugt er gerði Ríkisendurskoðun úttekt á embættinu á árinu 2000 að beiðni landlæknis. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar voru afar neikvæðar og var ákveðið að endurskipuleggja starfsemi og rekstur embættisins. Rekstraráðgjafi hjá PricewaterhouseCoopers var fenginn til að aðstoða við endurskipulagninguna. Til margvíslegra ráðstafana var gripið hjá embættinu. Sumar þessara ráðstafana voru ákaflega sársaukafullar. Allir starfsmenn embættisins hafa tekið þátt í þeim aðgerðum og eiga mikið hrós skilið fyrir framlag sitt.

Árangur fór fram úr bjartsýnustu vonum. Eins og sést í uppgjöri hefur rekstrinum árið 2001 verið snúið úr taprekstri í hagnað. Tekjuafgangur er 64,5 milljónir kr. á móti tapi uppá 7,1 millj. kr. árið 2000. Hluta hagnaðarins má skýra með um 30 millj. kr. sérstöku framlagi til að rétta af uppsafnaðann halla embættisins. Þá jukust sértekjur embættisins verulega, eða um tæpar 20 millj. kr., vegna sérstakra verkefna. Ber þar helst að nefna HPV rannsóknarverkefnið, sem skilaði um 9,5 millj.kr., ýmsa styrki vegna slysaskrár að upphæð um 3,5 millj. kr. og styrk frá Símanum að upphæð 800 þús. kr. vegna sjálfsvígsforvarna. Ekki er gert ráð fyrir að sértekjur embættisins verði jafn miklar á árinu 2002, m.a. vegna mun minni umsvifa HPV verkefnisins.

Þrátt fyrir aukin umsvif embættisins á árinu tókst að halda rekstrinum innan fjárheimilda og gera meira en að greiða til baka uppsafnað tap fyrri ára. Höfuðstóll í årsbyrjun var neikvæður um 41,3 millj. kr. en er í árslok jákvæður um 23,2 millj. kr.

08 301 Landlæknir

Ársreikningur 2001 í þús. kr.

Rekstrarreikningur

	2001	2000	Fjárheimild	Fjárlög
Tekjur				
Sértekjur	23.005	3.713	-	-
Tekjur samtals	23.005	3.713	0	0
Gjöld				
101 Yfirstjórn	152.355	153.089	131.658	132.700
110 Læknaráð	1.809	2.472	263	2.400
120 Sjúkraflutningaráð	70	284	1.421	700
130 Slysavarnaráð	8.509	8.844	26.274	11.300
140 Siðaráð	0	440	3.279	900
Gjöld samtals	162.743	165.129	162.895	148.000
Tekjur umfram gjöld	-139.738	-161.416		
Framlag ríkissjóðs	204.226	154.280		
Tekjuafgangur / -halli	64.488	-7.136		
Sjóðstreymi				
Tekjuafgangur/-halli	64.488	-7.136		
Br. rekstart. eigna og skulda				
Br. skammtímakr. og birgða	-1.553	-70		
Br. skammtímaskulda	-513	3.474		
Handbært fé frá rekstri	62.422	-3.733		
Fjármögnunarhreyfingar				
Framlag ríkissjóðs	-204.226	-154.280		
Greitt úr ríkissjóði	139.861	154.941		
Fjármögnunarhreyf. samtals	-64.365	661		
Breyting á handbæru fé	-1.944	-3.072		
Handbært fé í årsbyrjun	2.062	5.134		
Handbært fé, hreyfingar	-1.944	-3.072		
Handbært fé í árslok	118	2.062		

08 301 Landlæknir

Ársreikningur 2001 í þús. kr.

	2001	2000
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Veltufjármunir		
Inneign hjá ríkissjóði	27.725	-
Skammtímakröfur aðrar	1.838	285
Handbært fé	118	2.062
Veltufjármunir samtals	29.681	2.347
Eignir samtals	29.681	2.347
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	-41.330	-34.194
Tekjujöfnuður ársins	64.487	-7.136
Höfuðstóll í árslok	23.157	-41.330
Eigið fé í árslok	23.157	-41.330
Skammtímaskuldir		
Skuld við ríkissjóð	-	36.641
Aðrar skammtímaskuldir	6.523	7.036
Skammtímaskuldir samtals	6.523	43.677
Skuldir samtals	6.523	43.677
Skuldir og eigið fé	29.681	2.347

III. Sóttvarnir

Samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19 /1997 stjórnar sóttvarnalæknir sóttvörnum í landinu. Hann er ábyrgur fyrir því að halda smitsjúkdómaskrá sem miðar að því að vakta og bregðast við hættulegum smitsjúkdómum og skipuleggja og fylgjast með bólusetningum í landinu. Sóttvarnalækni er ætlað að koma upplýsingum til heilbrigðisstarfsmanna og almennings um smitsjúkdóma og grípa til opinberra sóttvarnaráðstafana í samráði við ráðherra og að fengnum tillögum sóttvarnaráðs. Samkvæmt breytingu á sóttvarnalögum, sem tók gildi 1. september árið 2000, skipar ráðherra samstarfsnefnd um aðgerðir vegna hættu á sýkingum í matvælum, dýrum og umhverfi. Nefndina skipa sóttvarnalæknir, sem er formaður hennar, yfirdýralæknir og fulltrúi Hollustuverndar ríkisins. Jafnframt var sóttvarnalækni heimilað að rannsaka fólk sem flytur til landsins frá sérstökum hættusvæðum í heiminum.

Farsóttir

Vöktun farsóttar fer fram á tvenns konar hátt, annars vegar með skráningu tiltekinna smitsjúkdóma þar sem gefnar eru upp tölur um fjölda sýktra einstaklinga án persónuauðkenna og hins vegar með tilkynningu um sýkta einstaklinga. Töflur fyrir árin 1997–2001 um skráningarskylda sjúkdóma annars vegar og tilkynningarskylda sjúkdóma hins vegar er að finna á heimasíðu Landlæknisembættisins:

<http://www.landlaeknir.is/template1.asp?pageid=66> og
<http://www.landlaeknir.is/template1.asp?pageid=65>

Á árinu var birt reglugerð nr. 222/2001 (1.,2.) um breytingu á reglugerð nr. 129/1999 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma. Nokkrir smitsjúkdómar, sem áður voru skráningarskyldir, urðu tilkynningarskyldir samkvæmt reglugerðarbreytingunni. Á breytingin fyrst og fremst við sjúkdóma sem bóluset er gegn, svo sem rauða hunda, mislinga, hettusótt, kikhósta, *Hemophilus influenzae*, gerð b, og stífkrampa.

Á árinu var tíðindalítið hvað iðrasýkingar varðar. Umtalsvert dró úr kampýlóbactersýkingum miðað við árin áður og má þakka það umfangsmikilli vöktun í kjúklingaeldinu og aðgerðum sem gripið var til ef sýkinga varð vart. Ekki varð vart við sjúkdómstilfelli af völdum fjölnæmrar *Salmonella typhimurium* DT 204b, sem olli umtalsverðum faraldri haustið 2000. Af kynsjúkdómum hefur klamydía færst í vöxt á undanförunum árum og náði þessi kynsjúkdómur nýju hámarki árið 2001 með yfir 2000 skráð tilfelli. Eru Íslendingar með hæstu tíðni sjúkdómsins á Norðurlöndum. Þá greindist hópsýking af völdum sárásóttar meðal samkynhneigðra karla. Tíðni meningókokkasjúkdóms af gerð C, sem veldur heilahimnubólgu og blóðsýkingu, hefur einnig verið að aukast lítillaga undanfarin ár og telst sjúkdómurinn landlægur hér á landi.

Bólusetningar

Á árinu 2000 féllu úr gildi lög um ónæmisaðgerðir nr. 38 /1978. Í stað þeirra var sett reglugerð (nr. 221 /2001) um bólusetningar með stoð í sóttvarnalögum nr. 19 /1997. Þar er kveðið á um að allar bólusetningar skuli skrá annars vegar í sérstakt skírteini sem afhent er hinum bólusetta og hins vegar í sjúkraskrá. Þar skal koma fram hvaða bóluefni var gefið, hvenær það var gefið og hvort aukaverkanir hlutust af. Ef barn er ekki bóluset í samræmi við 2. gr. reglugerðarinnar, skal skrá ástæðu þess. Sóttvarnalækni skulu senda skýrslur um bólusetningar a.m.k. árlega eða oftár samkvæmt ákvörðun hans. Þá er kveðið á um að senda skuli sóttvarnalækni tilkynningar um hver var bólusettur, með hvaða bóluefni og hvenær. Reglugerðin kveður einnig á um hvenær bólusetningar eru mönnum að kostnaðarlausu og hvernig greiðsluhlutdeild er háttað þegar greiða þarf fyrir þær.

Rauðir hundar

Árið 1977 hófust bólusetningar gegn rauðum hundum meðal kvenna á barneignaraldri sem ekki höfðu mótefni gegn sjúkdómsvaldinum. Þessum bólusetningum var ekki ætlað að útrýma rauðum hundum heldur var þeim ætlað að ná til þeirra sem ekki fengu náttúrulegt ónæmi gegn sjúkdómnum og hindra þannig fósturskaða af völdum rauðra hunda. Áhersla var lögð á að ná til allra 12 ára stúlkna í þessu augnamiði.

Árið 1989 hófst almenn ungbarnabólusetning með þrígildu bóluefni gegn rauðum hundum, mislingum og hettusótt við 18 mánaða aldur. Endurbólusetning hófst við 9 ára aldur árið 1997. Eftir sem áður var fylgst með ónæmisástandi 12 ára stúlkna þar til sá aldurshópur, sem fyrst fékk þrígildu bólusetninguna 1989, hafði náð 12 ára aldri, en það var á miðju ári 1999.

Ákveðið var halda áfram að kanna mótefni meðal 12 ára stúkna til miðs árs 2001 svo hægt væri að ganga úr skugga um hvort ónæmisástand 12 ára barna væri viðunandi. Rauðu hundafaraldur gekk hér á landi á árunum 1992–1996 í óbólusettu fólki. Vegna lágrar mótefnamyndunar gegn rauðum hundum í hluta þeirra sem höfðu verði bólusettt var tekin ákvörðun um að frá og með 1. júlí 2001 skyldi færa seinni bólusetningu með þrígilda bóluefninu frá 9 ára aldri í 12 ára, sem er nær barneignaraldri.

Jafnframt var reglubundnum skimunum fyrir mótefnum gegn rauðum hundum hætt við 12 ára aldur. Þess í stað skyldi fylgjast með úrtaki stúlkna til að kanna mótefnasvörun gegn rauðum hundum, mislingum og hettusótt eftir þrígildu bólusetningarnar. Einnig verður fylgst með mótefnum barnshafandi kvenna í mæðraverndinni.

Skimanir í mæðravernd

Frá og með 1. júlí 2001 var tekin ákvörðun um að skimanir á mótefnum gegn rauðum hundum skyldu fara fram á veirufræðideild Landspítala–háskólasjúkrahúss. Áður höfðu þessar skimanir farið fram á Rannsóknastofu Háskólans í veirufræði. Skimanir gegn HIV og lifrabólguveiru B skyldu áfram framkvæmdar á veirufræðideildinni.

Mikilvægt er að öllum verðandi mæðrum verði einnig boðin rannsókn á lifrabólguveiru B og HIV. Komið hafði í ljós að allnokkrar verðandi mæður reyndust smitberar af völdum lifrabólguveiru B á ári hverju. Hægt er að vernda barn sýktrar móður við fæðingu með bólusetningu og mótefnagjöf gegn lifrabólguveiru B. Flestir þeirra sem greinast með HIV-smit um þessar mundir eru ungt gagnkynhneigt fólk. Lyfjameðferð gegn HIV-smiti móður dregur verulega úr líkum á því að fóstur smitist eða að barn sýkist við fæðingu.

Meningókokkasjúkdómur

Á undanförunum árum hefur nýgengi meningókokkasjúkdóms af gerð C farið vaxandi á Íslandi. Á Bretlandi og Írlandi þar sem nýgengi sjúkdómsins er svipað og hér á landi hafa verið hafnar bólusetningar gegn þessum sjúkdómi með nýju bóluefni og virðist árangur þeirra aðgerða lofa góðu. Á fundi sínum þann 22. mars 2001 mæltist sóttvarnaráð til þess að sóttvarnalæknir hæfi undirbúning að áætlun um bólusetningar gegn meningókokkasjúkdómi af gerð C í samvinnu við sérstakan samráðshóp um bólusetningar þannig að ítarlegar tillögur um framkvæmd og kostnað lægju fyrir þegar heilbrigðisyfirvöldum yrðu kynntir hvaða kostir væru fyrir hendi varðandi slíkar bólusetningar.

Meningókokkasjúkdómur er alvarlegur og í sumum tilvikum banvænn sjúkdómur sem oftast herjar á börn og unglinga. Ríkar síðferðilegar og heilsuhagfræðilegar ástæður eru því fyrir því að taka upp virka bólusetningu gegn sjúkdómi sem hefur jafn alvarlegar afleiðingar í för með

sér og meningókokkasjúkdómur. Þótt gera megi ráð fyrir því að meningókokkasjúkdómur af gerð C greinist árlega í um 10 tilfellum og valdi einu dauðsfalli verður að hafa í huga að sjúkdómurinn getur einnig gengið í faröldrum með tugum og hundruðum tilfella og samsvarandi hækkun á dánartíðni. Þegar bólusetning gegn meningókokkasjúkdómi af gerð C hefst í almennu ungbarnabólusetningunni verða þeir bólusettu varðir fyrir þessum sjúkdómi.

Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS)

Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS) hefur starfað í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á sóttvarnalögum og tóku gildi 1. september 2000. Meðal þeirra mála sem nefndin fjallaði um á árinu 2001 voru *Salmonella montevideo*-mengun í Skagafirði, salmonellusýkingar á Suðurlandi og ástand frárennismála þar ásamt *Salmonella infantis* á kjúklinga- og svínabúum.

Nefndin fór þess á leit við Hollustuvernd ríkisins að stofnunin skilaði greinargerð um ástand frárennismála á Suðurlandi vegna útbreiddrar salmonellumengunar í umhverfinu. Skilaði stofnunin skýrslu um ástandið á árinu 2001. Þá var haldið áfram rannsóknum á umhverfinu með tilliti til salmonellusýkinga. Þegar skýrsla um þessar umhverfisrannsóknir liggur fyrir verður metið hvaða aðgerðir eru brýnastar í frárennismálum Suðurlands.

Í byrjun árs 2001 héldu Matvælaráð og SSUS sameiginlega fundi um kúa- og mannariðu. Þar var lagt til við landbúnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og umhverfisráðherra að óháðir aðilar yrðu fengnir til að gera úttekt, byggða á fyrirliggjandi gögnum, á hugsanlegri hættu sem neytendum stafar af neyslu á vörum sem innihalda innflutt nautakjöt eða nautakjötsafurðir og til að gera úttekt á þeim lögum, reglum og alþjóðlegu skuldbindingum Íslands (s.s. WTO og EES) sem snúa að innflutningi matvæla. Vorið 2001 skiluðu úttektaraðilar skýrslum um málið og var heilbrigðisráðherra send álitserð SSUS og Matvælaráðs á skýrslunum.

Sýklalyfjanotkun og ónæmi sýkla gegn lyfjum

Heilbrigðisráðherra skipaði árið 2000 nefnd um sýklalyfjanotkun og ónæmi sýkla gegn lyfjum. Skyldi nefndin vera stjórnvöldum til ráðgjafar um aðgerðir vegna sýklalyfjanotkunar og ónæmis sýkla og um skynsamlega notkun sýklalyfja.

Á árinu 2001 fór Evrópusambandið þess á leit við aðildarþjóðirnar að þær hæfu undirbúning að því að sóttvarnastofnanir sambandsins fylgdust með sýklalyfjanotkun og myndun ónæmis sýkla gegn sýklalyfjum. Í samræmi við þetta fór nefndin þess á leit við sóttvarnalækni að hann annaðist skráningu á sýklalyfjanotkun hjá dýrum og mönnum.

Sjaldgæfir smitsjúkdómar

Kúa- og mannariða

Þann 31. janúar 2001 rituðu sóttvarnalæknir, landlæknir og forstöðulæknir Blóðbankans heilbrigðisráðherra bréf vegna viðbragða við hugsanlegri smithættu af völdum mannariðu (*vCJD - variant Creutzfeldt Jakob Disease*) með blóði eða blóðhlutagjöf. Meginatriði í niðurstöðum þeirra voru:

Fyrirliggjandi faglegar upplýsingar benda ekki til þess að blóð eða blóðhlutar manna valdi smiti á mannariðu. ... Ef gripið verður til sérstakra

ráðstafana hér á landi vegna þessa máls leggjum við til að farin verði sú leið að hvít blóðkorn verði síuð frá öllum blóðhlutum. ... Ákvörðun um hvítkornasíun allra blóðhluta byggir á þeirri tilgátu að ef smit getur borist með blóði, þá gerist það helst með hvítkornum í blóðhlutum. Hvítkornasíun allra blóðhluta er ráðstöfun sem á sér hliðstæður í mörgum af nágrannalöndum okkar.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir

Sýkla- og eiturefnavá

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum þann 11. september 2001 vakti sóttvarnalæknir athygli heilbrigðisráðherra á því að beina þyrfti athyglinni að afleiðingum sýkla- og eiturefnavopna sem nota má til árása á menn. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafði beint því til þjóða heimsins að huga að viðbúnaði við slíkum voðaverkum. Upphaflega áhættumatið var svohljóðandi:

- Telja mætti líklegt að sýkla- og eiturefnavopnum yrði beitt í hryðjuverkum þegar fórnarlömbin ættu sér síst ills von.
- Líklegt væri að hryðjuverkamenn leituðust við að valda sem mestu tjóni og myndu því beita slíkum vopnum þar sem fólksfjöldi er mikill.
- Af þessari ástæðu væri Ísland ekki líklegt skotmark, en ef sýklavopnum yrði beitt í nágrannalöndum gæti Íslandi stafað hættu af vegna greiðra samgangna milli landa.

Síðar kom í ljós að miltisbrandsgró voru send í pósti til takmarkaðs fjölda einstaklinga í Bandaríkjunum með það fyrir augum að skapa skelfingu meðal fólks. Gekk það eftir og náði skelfingu til Íslands sem var þó fjarri vettvangi.

Haustið 2001 var gripið til eftirfarandi aðgerða:

- Ráðherra fól sóttvarnalækni að safna upplýsingum um viðbúnað og aðstæður á móttökudeildum og rannsóknarstofum þar sem tekið yrði við fórnarlömbum slíkra árása. Ríkisstjórnin skipaði nefnd ráðuneytisstjóra til að meta nauðsynlegar opinberar aðgerðir til að mæta hryðjuverkum. Var ákveðnu fjármagni varið til að efla sóttvarnir og aðbúnað á Landspítala–háskólasjúkrahúsi til að mæta sýkla- og eiturefnaárásum.
- Leitað var eftir álitum sóttvarnaráðs á hugsanlegri hættu sem stafa kynni af sýkla- og eiturefnavopnum og viðbrögðum við þeim og haldnir voru samráðsfundir með yfirlæknum smitsjúkdómadeildar, veirufræðideildar og sýkladeildar Landspítala–háskólasjúkrahúss, vegna viðbúnaðar og nauðsynlegra aðgerða sem grípa þarf til, kæmi til slíkra árása.
- Komið var á samskiptakerfi lögreglu, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, sóttvarnalæknis, og sýkla- og smitsjúkdómadeilda Landspítala–háskólasjúkrahúss. Mótaðar voru verklagsreglur.
- Aflað var upplýsinga hjá lyfjaiðnaðinum um aðgengi að lyfjum og bóluefnum. Í nóvember var undirritaður samningur milli heilbrigðisráðuneytisins og lyfjafyrirtækisins Delta um að fyrirtækið hefði ávallt til reiðu 173 000 skammta af lyfinu ciprofloxacín. Statens Seruminstitut í Danmörku veitti Íslendingum að gjöf 10 000 skammta af bóluefni gegn bólusótt.
- Haldinn var fundur með bandaríska varnarliðinu og starfsmönnum bandaríska hersjúkrahússins þar sem ákveðið var að efla samvinnu og skoðanaskipti um varnir gegn sýkla- og eiturefnum.
- Heilbrigðisráðherrar Norðurlandþjóðanna héldu samráðsfund um samræmdar aðgerðir gegn hryðjuverkum með sýkla-, efna- og kjarnavopnum. Í kjölfarið var sóttvarnalæknir skipaður í sérstaka nefnd á vegum ráðherranna sem ætlað er að koma með tillögur um sameiginlegar aðgerðir Norðurlandanna.

Alþjóðasóttvarnir

Alnæmi

Í júní 2001 var haldið sérstakt aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um HIV/alnæmi. Litið er á HIV-faraldurinn sem alvarlega ógn fyrir heimsbyggðina. Á einungis 20 árum hefur faraldurinn breiðst út um heim allan. Yfir 20 milljónir manna hafa þegar látist af völdum alnæmis. Hátt í 40 milljónir karla, kvenna og barna eru haldin þessum sjúkdómi um þessar mundir. Á annan tug milljóna barna eru orðin munaðarlaus af völdum þessa faraldurs. Vandinn er mestur í Afríku sunnan Sahara. Þar búa 70% fullorðinna og 80% allra barna sem haldin eru sjúkdómnum. Heilbrigðisráðherra, sem sat allsherjarþingið, lýsti því yfir að íslensk stjórnvöld væru reiðubúin að styðja eflingu baráttunnar gegn alnæmisfaraldrinum í samræmi við ályktun þingsins.

Sóttvarnir á Eystrasaltssvæðinu

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar á árinu 2000 var ákveðið að Íslendingar tækju þátt í aðgerðum gegn smitsjúkdómum í aðildarlöndum Eystrasaltsráðsins. Var sóttvarnalækni falin umsjá verkefnisins og falið að sitja í nefnd fulltrúa forsætisráðherra aðildarríkja Eystrasaltsráðsins. Árið 2001 ákvað ríkisstjórnin að auka framlag sitt með því að kosta alþjóðlegan ráðgjafa í berklavörnum. Þuríður Árnadóttir læknir var ráðin til þessa ráðgjafastarfs. Önnur verkefni sóttvarna á Eystrasaltssvæðinu eru barátta gegn alnæmi og kynsjúkdómum, vöktun farsóttá og bólusetningar, ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum og spítalasykingar og frumheilsugæsla.

Evrópusóttvarnir

Frá 1. janúar 2001 gerðist Ísland formlegur þátttakandi í Evrópusóttvörnum í samræmi við sérstaka löggjöf (*Decision No. 2119/98/EC*). Þessar sóttvarnir byggjast á upplýsingamiðlun á Netinu um farsóttir, árvekni gagnvart þeim og skjótum viðbrögðum. Sóttvarnalæknir er fulltrúi íslenskra stjórnvalda í sóttvarnaráði Evrópu (*The Network Committee on Communicable Diseases*).

Í þessu samhengi mun bætast í verkahring sóttvarnalæknis að láta rannsaka notkun sýklalyfja hér á landi. Stefnit er að því að könnun á sýklalyfjanotkun og ónæmi sýkla gegn slíkum lyfjum verði hluti af starfi þeirra stofnana sem halda smitsjúkdómaskrá í aðildarlöndunum.

Vísindarannsóknir

Á árinu hófst undirbúningur að rannsókn á bólusetningum gegn HPV (Human Papilloma Virus) meðal 18–23 ára kvenna. Tilgangur slíkra bólusetninga er að koma í veg fyrir leghálskrabbamein hjá konum og kynfæravörtur, en talið er að þær veirur sem bóluset er gegn valdi þessum sjúkdómum. Undirritaður var samstarfssamningur við Merck Co., Inc., sem framleiðir slíkt bóluefni. Þorbjörg Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur var ráðin til að skipuleggja verkefnið en Kristján Sigurðsson yfirlæknir var ráðinn vísindalegur verkefnisstjóri.


Unnið hefur verið að rannsókn á *S. typhimurium* DT 204b-faraldrinum, sem gekk yfir haustið 2000, í evrópskum sóttvarnastofnunum enda gekk hann samtímis í Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi. (*European Outbreak of Salmonella Enterica Serotype Typhimurium Definite Phage Type 204b linked with consumption of lettuce. – Handrit*).

Einnig var unnið að rannsókn á kampýlóbakterfaraldrinum á Íslandi 1998–2000 og áhrifum varnaraðgerða í kjúklingaræktinni og meðal manna. (*Human Campylobacteriosis Epidemic in Iceland 1998-2000 and Effect of Interventions Aimed at Poultry and Humans – Veggspjald, CHOR 11, Freiburg, Sept. 2001*).

IV. Kvartanir, kærur og klíniskar leiðbeiningar

Kvartanir og kærur

Á árinu 2001 bárust Landlæknisembættinu 356 kvartanir og/eða kærur. Var það svipaður fjöldi og árið áður, en það ár hafði orðið mikil aukning á kvörtunum borið saman við árin á undan. Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd hefur umfang kvartana og kæra hjá Landlæknisembættinu aukist verulega ár frá ári. Aðstoðarlandlæknir hefur með höndum afgreiðslu flestra kærumála en einnig koma þau til kasta annarra starfsmanna embættisins.



Kvartanir og kærur 1997 – 2001

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 er landlækni skylt að sinna kvörtunum eða kærur er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Málafjöldi hefur farið vaxandi síðustu ár og kunna að vera á því ýmsar skýringar.

Flest mál varða meint mistök og næstflest samskiptaerfiðleika. Á árunum 1991–1997 voru kvartanir og kærur um meint mistök í starfi heilbrigðisstarfsmanna staðfest að fullu eða að hluta í þriðjungi tilfella. Nokkuð færri mál varðandi meinta samskiptaerfiðleika voru staðfest. Ef rannsókn máls leiðir í ljós staðfestingu kvörtunar geta aðgerðir landlæknis verið allt frá ábendingu til heilbrigðisstarfsmannsins upp í tillögu um leyfissviftingu.

Klínískar leiðbeiningar

Klínískar leiðbeiningar eru kerfisbundnar leiðbeiningar (ekki fyrirmæli) um ákvarðanir sem lúta að klínískum vandamálum í læknisfræði. Þær taka mið af bestu þekkingu á hverjum tíma og eru lagðar fram í því skyni að veita sem besta meðferð með sem minnstri áhættu án óhóflegs kostnaðar. Vinna við klínískar leiðbeiningar hófst hjá Landlæknisembættinu í janúar 2000. Stýrihópur ásamt ritstjóra sér um val á verkefnum og vinnur með vinnuhópum að einstökum verkefnum.

Sjá nánar um notagildi og vinnulag við gerð klínískra leiðbeininga á heimasíðu landlæknis:

www.landlaeknir.is eða
<http://www.landlaeknir.is/template1.asp?pageid=199>

Vinnuhóparnir eru orðnir 28 og að þeim standa 94 læknar, fjórir hjúkrunarfræðingar og einn lyfjafræðingur. Auk þess eru aðrir vinnuhópar að vinna sjálfstætt að gerð klínískra leiðbeininga en í góðu sambandi við Landlæknisembættið.

Sjá nánar um vinnuhópana:

<http://www.landlaeknir.is/template1.asp?PageID=219>

Klínískar leiðbeiningar sem birtar voru eða lokið við á árunum 2000–2001

1. Skimun fyrir ristilkrabbameini
2. Forvarnir og meðferð hjarta- og æðasjúkdóma
 - Háþrýstingur
 - Blóðfitulækkandi meðferð
 - Forvarnir – áhættumat
3. Áhættumat hjarta- og æðasjúkdóma
4. Háþrýstingur hjá öldruðum
5. Gáttatif – blóðþynning
6. Lifrabólga C
7. Leiðbeiningar um notkun beta interferóns við MS
8. Neyðargetnaðarvarnir
9. Meðferð og greining klamydíu
10. Skynsamleg notkun röntgenrannsóknna (myndgreiningar)
11. Hvernig standa skal að húðflúrun, húðgötun og þess háttar starfsemi
12. Fyrsta meðferð við smávægilegum, vægum eða allverulegum höfuðáverkum

Leitað hefur verið eftir samvinnu við starfsmenn Scottish Intercollegiate Guideline Network (SIGN) sem eru í náninni samvinnu við læknafélagin í Skotlandi og hafa frá 1993 unnið leiðbeiningar sem byggðar eru á vísindalegum niðurstöðum. SIGN hefur þegar gefið út 54 klínískar leiðbeiningar. Sóttir hafa verið fundir þar um efni svipuð þeim sem unnið er að héraendis og byrjað að kynna skoska efnið á Íslandi. Ætlunin er að auka þessa samvinnu mikið til að spara tíma. Nýverið hefur einnig verið leitað eftir samvinnu við finnska lækna sem unnið hafa klínískar leiðbeiningar frá 1989.

V. Heilbrigðistölfraði

Í ársbyrjun 2001 var heilbrigðistölfraði gerð að sérstöku sviði innan Landlæknisembættisins. Heilbrigðistölfraðisvið fæst við þau verkefni sem snúa að skráningu heilbrigðisupplýsinga, söfnun, flokkun, greiningu og túlkun gagna um heilbrigðismál.

Í upphafi árs var lögð áhersla á að skilgreina og skipuleggja sviðið, setja því markmið og raða verkefnum í forgangsörð. Gerð var framkvæmdaáætlun sem tók mið af forgangsörðun, mannafla og fjármagni.

Markmið heilbrigðistölfraðisviðs er að hafa handbærar nýjar, nákvæmar og áreiðanlegar tölulegar upplýsingar úr heilbrigðiskerfinu sem nauðsynlegar eru til stjórnunar, eftirlits, stefnumörkunar og áætlanagerðar heilbrigðisyfirvalda. Á þessu fyrsta starfsári sviðsins hefur verið unnið að þessu markmiði með því að beina kröftunum að uppbyggingu gagnasafna og að gagnavinnslu til þess að embættið geti betur uppfyllt hlutverk sitt sem miðstöð heilbrigðistölfraði í landinu.

Þessi uppbygging greinist í tvo meginþætti. Í fyrsta lagi er um að ræða vinnu við að samræma skráningu heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana og efla þannig gæði skráningar. Í öðru lagi er smíði öflugra gagnagrunna hjá embættinu, til söfnunar gagna úr heilbrigðiskerfinu og til að efla úrvinnslu gagna.

Vistunarpplýsingar sjúkrahúsa

Frá árinu 1997 hefur mikil vinna verið lögð í að samræma skráningu á sjúkrahúsum. Landlæknir gaf út tilmæli um lágmarksskráningu vistunarpplýsinga árið 1998 og tóku þau gildi í ársbyrjun 1999. Helstu nýmælin í þessum tilmælum fólust í því að nú var í fyrsta sinn gefin út heildstæð handbók þar sem skráningaratriði og hugtök voru skilgreind. Í tilmælunum er gerður skýr greinarmunur á þeirri starfsemi sem tekur til vistunar sólarhringssjúklinga annars vegar og ferlisjúklinga hinsvegar, með því að flokka sjúklinga í stað þess að flokka deildir eins og áður hafði verið gert. Þá er gert ráð fyrir skráningu sérgreinar fyrir hvern sjúkling til enn frekari flokkunar. Endurskoðuð tilmæli voru gefin út í ársbyrjun 2001. Önnur helstu nýmæli voru skráning hjúkrunar og skráning biðlista.

Á árinu 2001 var safnað vistunarpplýsingum frá öllum sjúkrahúsum landsins fyrir árin 1996–1998. Úrvinnsla úr þessum gögnum er hafin og munu fyrstu yfirlitstölur líta dagsins ljós fyrri hluta árs 2002.

Hafin var vinna við hönnun nýs gagnagrunns til þess að taka við vistunarpplýsingum frá sjúkrahúsum. Biðlistar eru nú kallaðir inn þrisvar á ári og er yfirlit yfir stöðu á biðlistum birt á heimasíðu embættisins.

Skráning á öldrunarstofnunum

Á árinu 2001 hófst undirbúningsvinna undir samræmingu skráningar á öldrunarstofnunum. Áætlað er að ljúka þeirri vinnu á árinu 2002 með það að markmiði að skráning samkvæmt tilmælum geti hafist á árinu 2003.

Skráning slysa

Landlæknisembættið og Slysavarnaráð hafa um nokkurt skeið haft frumkvæði að samræmdri skráningu slysa með smíði gagnabankans Slysaskrár Íslands. Vinnuefirlit ríkisins hóf tilraunaskráningu 11. september 2001 en gert er ráð fyrir þátttöku þriggja annarra skráningaraðila á tilraunatímabili verkefnisins: Slysadeild Landspítala–háskólasjúkrahúss í Fossvogi, Tryggingamiðstöðvarinnar og Ríkislögreglustjórans. Framtíðarmarkmið er hins vegar að Slysaskrá Íslands nái til allra þeirra sem meðhöndla upplýsingar um slys og að öll slys á Íslandi verði skráð með samræmdum hætti. Þá er vonast til að betra yfirlit yfir fjölda slysa, orsakir þeirra og afleiðingar muni auðvelda slysarannsóknir og efla forvarnir. Samhliða smíði Slysaskrár Íslands hefur verið unnið að því að samræma aðferðafræði og verklag við slysaskráningu. Ennfremur var úrvinnsla upplýsinga um slys þróuð á árinu þannig að hún geti birst fljótt og tölulegar upplýsingar skili sér hratt til þeirra sem þær þurfa að nota.

Verkefnið hlaut styrk frá RANNÍS á árinu úr markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál. Hildur Björk Sigbjörnsdóttir mannfræðingur var ráðin verkefnisstjóri í febrúar 2001.

Skráning utan sjúkrahúsa

Vinna við samræmda lágmarksskráningu heilsugæslustöðva og læknastofa sjálfstætt starfandi lækna hófst síðla árs 2000 og voru drög að lágmarksskráningu tilbúin á árinu 2001. Stefnt er að því að prófa lágmarksskráninguna á nokkrum stöðum á næstunni og gefa hana út sem tilmæli landlæknis að tilraunatíma loknum. Tilmælin munu jafnt eiga við um skráningu á heilsugæslustöðvum og skráningu á stofum sjálfstætt starfandi lækna.

Flokkunarkerfi

Samkvæmt ákvörðun landlæknis var 10. útgáfa alþjóðlegs flokkunarkerfis sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála, ICD-10 (*International Classification of Diseases and Related Conditions, Rev. 10*), tekin upp hér á landi í ársbyrjun 1997. Flokkunarkerfið var þá í fyrsta sinn þýtt í heild sinni á íslenska tungu. Á sama tíma var tekin upp norræn flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum, NCSP (*Nordic Classification of Surgical Procedures*). Þetta flokkunarkerfi var einnig þýtt á íslensku í upphafi en hefur síðan verið uppfært árlega skv. fyrirmælum frá ábyrgðaraðilum.

ICD-10 og NCSP voru sett á heimasíður Landlæknisembættisins og hugbúnaðarfyrirtækisins eMR á árinu en Landlæknisembættið sér um rafræna uppfærslu flokkunarkerfanna í samvinnu við eMR. Greiningar- og hjúkrunarflokkunarkerfin, NANDA (North American Nursing Diagnosis Association) og NIC (*Nursing Intervention Classification*), voru einnig sett á heimasíðurnar á tölvutæku formi síðla árs. Vinnuhópur landlæknis um skráningu hjúkrunar hefur séð um þýðingar og útgáfu kerfanna.

Vinnuhópur á vegum Landlæknisembættisins hefur kannað möguleika á innleiðingu nýrra kóðunarkerfa til notkunar við skráningu í heilbrigðiskerfinu, til viðbótar við þau sem þegar eru í notkun og tilgreind eru í tilmælum landlæknis um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga. Hópurinn skilaði skýrslu í september 2000 með tillögum að viðbótarkerfum. Eftir nokkurt hlé hélt vinna hópsins áfram og hefur einkum beinst að undirbúningi þess að taka í notkun SNOMED-flokkunarkerfið (*Systematized Nomenclature of Human Medicine*) til skráningar almennra klínískra upplýsinga.

Heilbrigðisstarfsmenn

Læknaskrá er viðhaldið á vefsíðu embættisins og er reynt að setja inn nýjar upplýsingar jafnóðum og þær berast. Á árinu 2001 var tekin upp sú nýbreytni að hafa einnig tannlæknaskrá aðgengilega á vefsíðunni.

Hafinn er undirbúningur að gerð hjúkrunarfræðingaskrár í samvinnu við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðingum verða gefin einkvæm númer á svipaðan hátt og læknum og til verður gagnagrunnur um alla hjúkrunarfræðinga. Mun slík skrá nýtast við skráningu á heilbrigðisstofnunum, við eftirlit, til áætlanagerðar og til tölfraðilegrar greiningar.

Á árinu 2001 var lokið við innslátt gagna um starfsmenn í heilbrigðisþjónustu árána 1995-1999. Verið er að leggja lokahönd á vinnslu gagnanna til birtingar, en skortur á tölum um heilbrigðisstarfsmenn hefur verið tilfinnanlegur.

Úrsagnagrunnar

Samkvæmt lögum um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998, annast landlæknir skráningu úrsagna úr miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði. Um 600 einstaklingar sögðu sig úr grunninum á árinu 2001 og höfðu þá samtals 20.167 einstaklingar sagt sig úr grunninum frá upphafi.

Í nýlegum lögum um lífsýnasöfn er landlækni falið að taka við og skrá úrsagnir úr líffýnasöfnum. Á árinu 2001 var smíðaður gagnagrunnur til að halda utan um þessar úrsagnir, auk þess sem prentuð voru úrsagnareyðublöð og málið kynnt á opinberum vettvangi.

Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir

Í samvinnu við kvennadeild Landspítala–Háskólasjúkrahúss voru eyðublöð til skráningar fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða endurskoðuð. Ný eyðublöð munu taka gildi á árinu 2002.

Öryggi gagna og gagnavinnslu – Öryggishandbók

Á árinu 2001 setti Landlæknisembættið sér öryggisstefnu og var stefnan útfærð í öryggisreglum. Þessi vinna var mjög yfirgripsmikil og fór umtalsverður hluti af tíma starfsmanna heilbrigðistölfraðisviðs í þetta verkefni fyrri hluta árs.

Öryggisreglurnar eru settar fram í öryggishandbók sem tók formlega gildi 1. júlí 2001. Handbókin er sett upp með hliðsjón af öryggisstaðlinum ISO 17799 (og BS 7799) sem er fyrirmynd að íslenska staðlinum frÍST BS 7799. Öryggisstefnan byggist m.a. á ákvæðum í lögum um heilbrigðisþjónustu, læknaögum, lögum um starfsréttindi heilbrigðisstétta, lögum um réttindi sjúklinga, lögum um persónuvernd og reglugerðum settum skv. ofangreindum lögum. Stefnt er að vottun skv. öryggisstaðlinum frÍST BS 7799/BS7799 innan árs frá formlegri gildistöku öryggishandbókarinnar.

Allir verkferlar innan embættisins hafa verið skilgreindir og endurskoðaðir þar sem tilefni hefur gefist til. Verkferlar hafa verið felldir að öryggisreglum og settir fram í öryggishandbókinni. Verið er að skilgreina gagnasöfn og fella vinnu við þau að öryggisreglum.

Aðlögun að og þátttaka í uppbyggingu á íslensku heilbrigðisneti

Landlæknisembættið hyggst nota heilbrigðisnetið til þess að draga til sín gögn frá heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum. Hingað til hefur embættið náð í þessi gögn með öðrum hætti, t.d. á pappírsmáli eða á tölvudisklingum. Með heilbrigðisnetinu mun verða hægt að ná í gögn með mun skjótari hætti en áður. Gagnasöfnun mun þess vegna taka skemmri tíma og minni mannafla en áður og hægt verður að kalla eftir gögnum oftar en hingað til. Þá er þess vænst að heilbrigðisnetið og aðgerðir til þess að samræma skráningu heilbrigðisstarfsmanna leiði til minni vinnu við að samræma gögn frá mismunandi stofnunum áður en þau eru tilbúin til úrvinnslu hjá Landlæknisembættinu.

Erlent samstarf

Heilbrigðistölfræðisvið á fulltrúa í eftirfarandi samstarfsverkefnum:

- *Human Resources*: Samstarfsverkefni Evrópusambandsríkja, auk Íslands og Noregs. Markmið verkefnisins er að bera saman skráningu heilbrigðisstarfsmanna í viðkomandi löndum og gera tillögu að skráningu í framtíðinni með það fyrir augum að gera samanburð raunhæfari.
- *Hospital Data Project*: Samstarfsverkefni Evrópusambandsríkja, auk Íslands og Noregs. Markmið verkefnisins er að þróa sameiginlegar skilgreiningar á skráningarhugtökum innan sjúkrahúsatölfræði og gera með því samanburð á milli landa raunhæfan.
- *Inter-Island Study of Population Health*: Markmið verkefnisins er að kanna hvort grundvöllur reynist fyrir samstarfi eyjasamfélaga um rannsóknir á heilbrigðisviði. Verkefnið er leitt af Institute of Island Studies, University of Prince Edward Island í Kanada.
- *NOMESCO (Nordic Medico-Statistical Committee)*: Landlæknisembættið á einn af þremur íslenskum fulltrúum í þessari norrænu nefnd um heilbrigðistölfræði og er hann skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Nefndin vinnur að því að skapa grundvöll fyrir samanburð tölfræðilegra upplýsinga á milli Norðurlandanna, að nýsköpun í heilbrigðistölfræði og fylgist með alþjóðaþróun á því sviði. Á vegum nefndarinnar er árlega gefið út ritið *Health Statistics in the Nordic Countries*.
- *Health For All Database*: Heilbrigðistölfræðisvið ber ábyrgð á að senda árlega gögn frá Íslandi í HFA gagnagrunn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og tekur þátt í því samstarfi sem gagnasöfnunin leiðir af sér.

VI. Gæðamál og lýðheilsa

Gæða- og lýðheilsuvið Landlæknisembættisins tekur til margvíslegra verkefna sem lúta að lýðheilsu og gæðum heilbrigðisþjónustunnar. Á þessu sviði er unnið að verkefnum sem lúta að forvörnum og eflingu heilsu, þróun gæðaverkefna og gæðaeftirlits með heilbrigðisþjónustunni. Að auki falla undir þetta svið öll þau verkefni er lúta að hjúkrunarþjónustu.

Forstöðumaður gæða- og lýðheilsuviðs, Vilborg Ingólfssdóttir, gegndi frá 1. júlí til 30. nóvember 2001 ráðgjafarstörfum um hjúkrunar- og ljósmóðurfræði hjá Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Kaupmannahöfn. Á meðan gegndi Anna Björg Aradóttir, verkefnisstjóri heilsueflingar, starfi hennar.

Almannavarnir

Á árinu var unnið að því að skýra skipulag og framkvæmd áfallahjálpar á neyðartímum. Tveir starfsmenn á gæða- og lýðheilsusviði embættisins vinna í samhæfingarstöð Almannavarna ríkisins sem virkjuð er á neyðartímum. Tóku þeir þátt í útköllum og æfingum eins og boðað var til af hálfu Almannavarna ríkisins.

Eftirlit Landlæknisembættisins með stofnunum

Á árinu tóku starfsmenn gæða- og lýðheilsusviðs þátt í eftirlitsferðum á heilbrigðisstofnanir. Þá voru á árinu unnar tillögur að virku gæðaeftirliti embættisins með stofnunum. Gerð var úttekt á því hvernig slíkt eftirlit fer fram í öðrum löndum, hvaða undirbúnings á að krefjast af hálfu viðkomandi stofnunar og hvaða atriði starfsmenn embættisins skuli helst leggja áherslu á. Tillögum að fyrirkomulagi að virku gæðaeftirliti var ekki að fullu lokið á árinu 2001. Hjúkrunarfræðingur var ráðinn að þessu verki í 20% starf um þriggja mánaða skeið.

Eftirlit með heilbrigðisstarfsólki

Nokkur tilvik þar sem hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar voru ekki taldir hafa staðið sig í starfi komu til athugunar og úrvinnslu hjá Landlæknisembættinu og féllu þau mál í hlut starfsmanna gæða- og lýðheilsusviðs.

Fagráð Landlæknisembættisins

Frá árinu 2000 hafa fagráð verið Landlæknisembættinu til ráðgjafar um áherslur í forvarnarstarfi, heilsuvernd og heilsuefingu á ýmsum sviðum heilsugæslu. Fagráðin taka til eftirfarandi sviða: atvinnusjúkdóma og vinnuverndar; geðverndar; heilsueflingar; mæðraverndar; ung- og smábarnaverndar; heilsugæslu í skólum; heilsuverndar aldraðra; sjónverndar og heyrnarverndar.

Ráðin hittast allt að einu sinni í mánuði og koma mörg þeirra með ábendingar um þætti sem betur mega fara í forvörnum á ofangreindum sviðum.

Gæðaráð

Landlæknisembættið á fulltrúa í gæðaráði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og var í því ráði unnið að ýmis konar umbótastarfi. Gæðaráð stóð fyrir ráðstefnu um mönnun og forspá varðandi mönnun í heilbrigðisþjónustunni og flutti fulltrúi embættisins erindi á þeirri ráðstefnu.

Heilsuefning

Helstu verkefni Landlæknisembættisins á sviði heilsueflingar voru á árinu 2001 einkum:

Heilsuefning í skólum er samstarfsverkefni Landlækniembættisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til þriggja ára (2000-2002). Innan þessa verkefnis er unnið að ýmsum þróunarverkefnum með skólum á öllum skólastigum í Kópavogsbæ og Fjarðabyggð. Heilsuefning í skólum er þátttakandi í European Network of Health Promoting Schools.

Heilsuefning á vinnustöðum. Unnið hefur verið að verkefninu með Vinnueftirliti ríkisins.

Heilsuþæir. Ýmis sveitarfélög, svokallaðir heilsuþæir, hafa á undanförunum árum verið í samstarfi við Landlæknisembættið um heilsuefningu.

Hreyfing til heilsuþótar. Sérstök áhersla var lögð á hreyfingu barna á árinu.

Geðrækt er verkefni Landlæknisembættisins, geðsviðs Landspítala–háskólasjúkrahúss og fleiri aðila til að efla geðheilsu landsmanna. Markmið Geðræktar er að efla meðvitund einstaklinga, fjölskyldna, félaga, fyrirtækja og samfélagsins alls um geðheilbrigði. Með geðrækt er lögð áhersla á að hlúa að því sem heilt er og fyrirbyggja með því geðraskanir á borð við kvíða og þunglyndi. Þema Alþjóðaheilbrigðisdagsins 7. apríl 2001 var geðheilbrigði með áherslu á baráttu gegn fordómum. Landlæknisembættið og Geðrækt í samvinnu við heilsugæslu, presta og fyrirtæki unnu að verkefni undir yfirskriftinni „Ekki líta undan! – Láttu þér annað um andlega heilsu“ með útgáfu veggspjalds, bæklinga, myndbands og viðamikillar umfjöllunar í fjölmiðlum, skólum og vinnustöðum.

Náum áttum er samstarfshópur fjölmargra aðila, m.a. Landlæknisembættisins, er vinna gegn vímuefnaneyslu ungs fólks. Hópurinn stóð fyrir fræðslufundum og ráðstefnu þar sem efnið var nálgast á ýmsan hátt.

Hollráð. Í samstarfi við Útvarp Sögu var landlæknir með hollráð á útvarpsstöðinni um mál er varða heilsu og líðan fólks.

Heimaþjónusta ljósmæðra

Á árinu var unnið að drögum að tilmælum Landlæknisembættisins varðandi áhersluþætti þessarar þjónustu. Þessi drög byggja á athugun á sambærilegri þjónustu erlendis og var hún höfð til hliðsjónar við gerð tillagna að áhersluþáttum í heimaþjónustu ljósmæðra. Ljósmóðir var ráðin að þessu verkefni í 20% starf um þriggja mánaða skeið.

Lækningatæki

Frumvarp til laga um lækningatæki var samþykkt á Alþingi í apríl 2001. Lögin taka til framleiðslu, sölu, markaðssetningar, markaðseftirlits, viðhalds og notkunar lækningatækja og eftirlits heilbrigðisyfirvalda með þeim. Markmið þeirra er að koma í veg fyrir að notendur lækningatækja verði fyrir tjóni og tryggja að framleiðsla, viðhald og notkun lækningatækja sé í samræmi við bestu fagþekkingu á hverjum tíma.

Landlæknisembættið er lögbært yfirvald varðandi lækningatæki. Á árinu var unnið að því að kynna lög um lækningatæki, unnið að reglugerðarsmið, gerð viðamikil athugun á umfangi lækningatækja á markaðnum og lögbundnu hlutverki Landlæknisembættisins sinnt.

Sem dæmi um umfang mála sem lúta að eftirliti lækningatækja bárust 166 tilkynningar frá Evrópusambandinu um galla í lækningatækjum. Embættið fer yfir allar tilkynningar og kannar hvort viðkomandi tæki hefur verið flutt til landsins og gerir viðeigandi ráðstafanir í þeim tilfellum þar sem við á.

Þá hafði Landlæknisembættið umsjón með 14. Norrænu ráðstefnunni um lækningatæki, sem haldin var hér á landi í júní 2001.

Mönnun í heilbrigðisþjónustu

Mikil umræða fór fram um hjúkrunarmönnun í heilbrigðisþjónustu. Má þar nefna umræðu um skort á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, aðsókn að námi og áherslur í námi þessara stétta. Einnig kom Landlækniseimbættið að umræðu um nám félagsliða og vann ásamt öðrum að gerð námsskrár fyrir framhaldsmenntun sjúkraliða.

Á árinu var gefið út rit um hjúkrunarmönnun á öldrunarstofnunum. Í ritinu eru sett fram lágmarksviðmið um hjúkrunarmönnun á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum. Mönnunarstöðlunum er ætlað að vera leiðbeinandi um þá mönnun sem reynsla og þekking hefur sýnt að gefur bestan árangur í umönnun miðað við eðlilega nýtingu mannafla og hagkvæmni í rekstri.

RAI-mælingar

Samkvæmt reglugerð nr. 546/1995 ber öllum öldrunarstofnunum að meta árlega heilsufar og aðbúnað íbúa sem þar dvelja og skal matið byggt á RAI-mati (raunverulegum aðbúnaði íbúa). Síðla árs 2000 var ráðinn verkefnisstjóri að Landlækniseimbættinu til að hafa eftirlit með RAI-mati, leiðbeina um notkun þess, framkvæma áreiðanleikamat að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og/eða stofnana og vinna að þróun mælitækisins í samvinnu við RAI-matsnefnd ráðuneytisins.

Árið 2001 var unnið að því að byggja upp og móta starfið og koma á samstarfi við stofnanir, RAI-matsnefnd og fleiri aðila sem koma að RAI-mati á einn eða annan hátt.

Mikill hluti starfsins árið 2001 fór í að kenna um RAI-matið á formlegum námskeiðum, að leiðbeina hjúkrunarfræðingum á stofnunum við að framkvæma matið og athuga réttmæti niðurstaðna matsins á öldrunarstofnunum. Þá var unnið að tímamælingum á hjúkrunarverkþáttum, en það er liður í þróun mælitækisins og því að staðfæra það og aðlaga íslenskum aðstæðum. Voru gerðar tímamælingar í tengslum við þróun mælitækisins á fjórum hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu og má segja að þar hafi einnig farið fram ákveðið eftirlit.

Þar sem einnig er litið á mælitækið sem mikilvægt tæki til að meta ákveðna þætti í gæðum þjónustu á öldrunarstofnunum var unnið að því að skoða hvernig best yrði staðið að slíku gæðamati með aðstoð RAI-matsins.

Árið 2001 sat verkefnisstjóri RAI-mats flesta fundi RAI-matsnefndar og tók einnig þátt í ráðstefnu Nord-RAI hópsins, samtaka RAI-matsnefnda á Norðurlöndum, í Kaupmannahöfn.

Eftirlitsferðir voru farnar í tengslum við niðurstöður RAI-mats á 11 öldrunarstofnanir, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, og í nokkrum tilfellum var farið oftar en einu sinni á sömu stofnun.

Ráðgjöf til heilbrigðisstarfsfólks

Umfangsmikil ráðgjöf í formi viðtala og bréfaskrifta fór fram við heilbrigðisstarfsfólk, einkum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á starfsárinu. Tengdust þær einkum starfssviði, verkefnum og gæðum hjúkrunarþjónustu, forvörnum og heilsueflingu.

Sjálfsvígsvörvarnir

Á árinu var haldið áfram vinnu að sjálfsvígsvörvörnum. Í marsmánuði 2001 var haldin ráðstefna þar sem ræddar voru tillögur vinnuhópa sem starfað höfðu á vegum Landlæknisembættisins um nokkurra ára skeið. Í aprilmánuði var tillögunum skilað formlega til landlæknis. Í maí, í tengslum við evrópsku söngvakeppnina, styrkti Síminn starfsemi Landlæknisembættisins að sjálfsvígsvörvörnum með 800 þúsund króna framlagi. Í nóvember var tekin ákvörðun um að ráða starfsmann frá áramótum 2001/2002 í fullt starf til að skipuleggja og samræma sjálfsvígsvörvarnir og eftirfylgd og vinna að fræðslu, ráðgjöf og skráningu á þessu sviði.

Skráning hjúkrunar

Allt frá árinu 1986 hefur hópur hjúkrunarfræðinga starfað með Landlæknisembættinu að bættri skráningu hjúkrunar hér á landi. Hópurinn hefur m.a. þýtt og staðfært flokkunarkerfi hjúkrunargreininga og í því sambandi gefið út *Handbók um skráningu hjúkrunar* árið 1991. Endurnýjuð útgáfa með viðbótum var gefin út árið 1997 og enn viðbætur í bókformi árið 2000. Á árinu 2001 vann hópurinn við þýðingar og staðfæringar á hjúkrunarmeðferðum sem tengjast hverri hjúkrunargreiningu og að gerð nýrrar handbókar. Sérhæfður hjúkrunarfræðingur var ráðinn að þessu verkefni í 20% starf um þriggja mánaða skeið.

Á árinu gerði Landlæknisembættið þær kröfur til stofnana í fyrsta sinn að skráning hjúkrunar yrði framvegis einn liður í lágmarksskráningu vistunarupplýsinga. Töluvert kynningarstarf og upplýsingagjöf fór fram í sambandi við þetta.

Umsagnir um starfsleyfi

Eitt af verkefnum starfsmanna á gæða- og lýðheilsusviði er að gefa umsagnir um starfsleyfisumsóknir heilbrigðisstarfsmanna. Alls var fjallað um 102 umsóknir á árinu 2001 og vörðuðu þær fótaaðgerðafræðinga, hnykki, iðjuþjálfara, læknaritara, matarfræðinga, matartækna, náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu, næringarfræðinga, næringarráðgjafa, sjóntækjafraðinga, sjúkráþjáfara, sjúkranuddara, talmeinafræðinga, tannfræðinga og tanntækna.

Þjónusta við geðfatlaða og einstaklinga með fíkniefnavanda

Á árinu var unnið með Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar, lögreglunni og fleiri aðilum að því að leita leiða til að bæta þjónustu við fólk sem á við geðfötlun og/eða fíkniefnavanda að stríða. Sérstök áhersla var lögð á þann hóp sem er heimilislaus.

VII. Útgáfa

Útgáfa á vegum Landlæknisembættisins er annars vegar prentað mál í formi rita, bæklinga, dreifibréfa og tilmæla og hins vegar útgáfur sem einungis birtast í rafrænu formi á vefsetri embættisins. Það efni sem gefið er út á prenti er jafnframt aðgengilegt í rafrænu formi á vefsetrinu. Útgáfustarfið á árinu 2001 var að mestu í höndum viðkomandi sérfræðinga hjá embættinu en einnig voru gefin út rit eftir sérfræðinga sem starfa annars staðar. Nokkur breyting varð á tilhögun útgáfustarfs í nóvember er upplýsinga- og útgáfustjóri var ráðinn til að annast almenna ritstjórn þeirra verka sem út koma hjá embættinu. Eftir sem áður annast sérfræðingar hinn efnislega þátt útgáfustarfsins.

Á árinu 2001 komu eftirtalin verk út á prenti:

Rit

1. *Hjúkrunarmönnun á öldrunarstofnunum. Ábendingar Landlæknisembættisins. Gæðaráð Landlæknisembættisins í öldrunarhjúkrun. Rit Landlæknisembættisins nr. 4 (Reykjavík 2001).*
2. *Lágmarksskráning vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum. Handbók. (Reykjavík 2002).*
3. *Norræn flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum. Endurskoðun 1.5. 3. útg. (Reykjavík 2001).*
4. Rúnar Vilhjálmsson o.fl., *Aðgangur að heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Rit Landlæknisembættisins nr. 3 (Reykjavík 2001).*
5. Vilhelm Norðfjörð, *Sjálfsvíg ungs fólks á Íslandi. Samanburður á sjálfsvígum á Austurlandi og höfuðborgarsvæði 1984–1991. Rit Landlæknisembættisins nr. 1 (Reykjavík 2001).*
6. Þorbjörg Guðmundsdóttir og Vilborg Ingólfssdóttir, *Menningarheimar mætast. Áhrif trúar, menningar og arfleifðar á samskipti og meðferð innan heilbrigðisþjónustunnar. Rit Landlæknisembættisins nr. 2 (Reykjavík 2001).*

Bæklingar

1. *Er einelti á vinnustaðnum? Í samvinnu við Vinnueftirlit ríkisins. (Reykjavík 2001).*
2. *Líffæragjafi. Taktu afstöðu til líffæragjafar. Í samvinnu við líffæraflutninganefnd, Tryggingastofnun ríkisins, Landspítala–háskólasjúkrahús og Samband íslenskra tryggingafélaga. Endurútg. (Reykjavík 2001).*
3. *Óþægilegar staðreyndir um munntóbak. Í samvinnu við Krabbameinsfélagið, Hjartavernd, Tannlæknafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Tóbaksvarnanefnd. (Reykjavík 2001).*

Dreifibréf

Samkvæmt gamalli hefð rækir Landlæknisembættið skyldur sínar um fræðslu til heilbrigðisstétta og eftirlit með heilbrigðisþjónustunni m.a. með útgáfu dreifibréfa, tilmæla og ábendinga. Sum rit, sem gefin eru út í ritröðinni *Rit Landlæknisembættisins*, geta jafnframt verið dreifibréf, tilmæli eða ábendingar landlæknis.

Þessi dreifibréf komu út á árinu 2001:

- Nr. 01/2001 *Ritalín- og amfetamínkort úr sögunni.*
- Nr. 02/2001 *Breyting á bólusetningum gegn rauðum hundum, mislingum og hettusótt.*
- Nr. 03/2001 *Menningarheimar mætask.*
- Nr. 04/2001 *Um skimun fyrir mótetnum gegn rauðum hundum, HIV og hepatitis B.*
- Nr. 05/2001 *Um RAI-mat.*
- Nr. 06/2001 *Hjúkrunarmönnun á öldrunarstofnunum. Ábendingar Landlæknisembættisins.*
- Nr. 07/2001 *Bólusetning gegn influensu og pneumókokkasýkingum.*
- Nr. 08/2001 *Eftirlit með lækningatækjum.*
- Nr. 09/2001 *Skráningar og tilkynningar um smitsjúkdóma.*

Vefútgáfur

Kynsjúkdómar. Fræðslubæklingur frá sóttvarnalækni, útg. sept. 2001.

Læknaskrá á Excel formi. Uppfærð eftir þörfum.

Tannlæknaskrá á Excel formi. Uppfærð eftir þörfum.

ICD-10 – Alþjóðleg tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála (ICD-10_01a /apríl 2001)

NCSP – Norræn flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum, endurskoðun 1.5.

NANDA, flokkunarkerfi hjúkrunargreininga

NIC, flokkunarkerfi hjúkrunarmeðferðar

<http://www.landlaeknir.is/template1.asp?pageid=99>

VIII. Upplýsingamál

Bókasafn Landlæknisembættisins, sem hafði verið starfrækt síðastliðna tvo áratugi, var lagt niður á árinu 2001. Í lok ársins var ákveðið að setja á laggir stöðu upplýsinga- og útgáfustjóra. Var Jónína Margrét Guðnadóttir cand.mag. ráðin til að gegna hennar. Helstu verkefni eru ritstjórn og/eða umsjón með prentuðum útgáfum Landlæknisembættisins, ritstjórn á vefsetri embættisins og kynningarstarf vegna heilsuefllingar.

Lögð voru fyrstu drög að endurskoðun vefsetursins með það fyrir augum að auðvelda aðgang að því mikla efni sem þar er að finna og uppfæra það.

IX. Ráð, nefndir og vinnuhópar

Nefndir og ráð á vegum Landlæknisembættisins

Læknaráð

Læknaráð starfar í samræmi við lög nr. 14/1942. Samkvæmt lögum er hlutverk læknaráðs að láta dómstólum, ákærvaldi og heilbrigðisyfirvöldum í té sérfræðilegar umsagnir um læknisfræðileg efni. Meðal annars veitir læknaráð umsagnir um læknisvottorð sem lögð hafa verið fyrir í dómsmálum, hafi þeim verið beint til ráðsins að úrskurði dómara.

Læknaráði er ennfremur ætlað að láta heilbrigðisyfirvöldum í té álit á því hvort tiltekin aðgerð, hegðun eða framkoma heilbrigðisstarfsmanns sé tilhlýðileg eða ekki. Þá gefur læknaráð stjórn heilbrigðismála álit sitt í sambandi við mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir, einkum varðandi meiri háttar sóttvarnaráðstafanir.

Á árinu 2001 skipuðu læknaráð:

Sigurður Guðmundsson landlæknir, forseti
Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði
Vilhjálmur Rafnsson, prófessor í heilbrigðisfræði
Magnús Jóhannsson, prófessor í lyflæknisfræði
Þórður Harðarson, prófessor í lyflæknisfræði
Jónas B. Magnússon, prófessor í handlæknisfræði
Hannes Pétursson, prófessor í geðlæknisfræði
Sigurður Thorlacius tryggingayfirlæknir
Sigurbjörn Sveinsson læknir, formaður Læknafélags Íslands

Stöðunefnd

Um stöðunefnd og hlutverk hennar er fjallað í 31. gr. laga nr. 97/1990. Nefndin á að meta hæfni umsækjenda um stöður lækna. Umsögn nefndarinnar fer til stjórnarnefnda viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Samkvæmt lögum er landlæknir formaður nefndarinnar en auk þess skulu sitja í henni sinn fulltrúinn hvor frá Læknadeild H.Í. og Læknafélagi Íslands.

Á árinu 2001 bárust stöðunefnd óvenjulega mikill fjöldi mála til umfjöllunar og er skýringin á því sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík í Landspítala–háskólasjúkrahús. Stöðunefnd fjallaði á árinu um 49 stöður. Umsækjendur um þessar stöður voru 108, frá einum upp í sjö lækna um hverja stöðu.

Í stöðunefnd árið 2001 sátu:

Sigurður Guðmundsson landlæknir
Þorvaldur Jónsson dósent, tilnefndur af Læknadeild
Halldóra Ólafsdóttur læknir, tilnefnd af Læknafélagi Íslands
Aðstoðarlandlæknir er varamaður landlæknis.

Sjúkraflutningaráð

Í 4. gr. reglugerðar um sjúkraflutninga nr. 503/1986 segir um störf sjúkraflutningaráðs, að auk þess að gefa umsögn um umsóknir um leyfi til sjúkraflutninga eigi ráðið að vera ráðgefandi um allt er varðar sjúkraflutninga í landinu og að gefa út staðla um flutningatæki og búnað þeirra.

Í sjúkraflutningaráði sátu árið 2001:

Haukur Valdimarsson aðstoðarlandlæknir, formaður
Þórir Sigurbjörnsson, fulltrúi RKÍ
Knútur Halldórsson, fulltrúi Landssambands sjúkraflutningamanna.

Slysavarnaráð

Slysavarnaráð starfar skv. lögum nr. 33/1994 er tóku gildi 1. janúar 1995. Tilgangur ráðsins er að stuðla að fækkun slysa, m.a. með samræmdri skráningu slysa og úrvinnslu upplýsinga sem þannig fást (sjá bls. 18). Meðal annarra meginverkefna ráðsins er að vera ríkisstjórn, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og öðrum aðilum til ráðuneytis um allt er lýtur að slysavörnum, svo og að gera tillögur til heilbrigðisfyrivalda um áhersluatriði í slysavörnum á hverjum tíma og stuðla að rannsóknum á orsökum og afleiðingum slysa.

Á árinu 2001 sátu í slysavarnaráði:

Sigurður Guðmundsson landlæknir, formaður, tilnefndur af Landlæknisembættinu
Brynjólfur Mogensen yfirlæknir, varaformaður, tilnefndur af læknadeild H.Í.
Eyjólfur Sæmundsson forstjóri, tilnefndur af Vinnuefirliti ríkisins
Halldór Baldursson læknir, tilnefndur af Tryggingastofnun ríkisins
Jón Friðrik Bjartmarz yfirlögregluþjónn, tilnefndur af dómsmálaráðherra
Kristbjörn Óli Guðmundsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Slysavarnafélaginu
Landsbjörg
Ólafur Gísli Jónsson barnalæknir, tilnefndur af Árverkni, átaksverkefni um slysavarnir
barna og unglinga
Óli H. Þórðarson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Umferðarráði
Sigmar Ármannsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra
tryggingafélaga

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir er ritari ráðsins og jafnframt varamaður Sigurðar
Guðmundssonar.

Ráð, nefndir og vinnuhópar sem Landlæknisembættið á fulltrúa í

Innan Landlæknisembættisins:

Vinnuhópur landlæknis um skráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum
(heilbrigðistölfræðisvið).

Vinnuhópur landlæknis um skráningu vistunarupplýsinga á öldrunarstofnunum
(heilbrigðistölfræðisvið).

Vinnuhópur landlæknis um skráningu fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða
(heilbrigðistölfræðisvið).

Vinnuhópur landlæknis um kóðun klínískra upplýsinga í rafrænni sjúkraskrá
(heilbrigðistölfræðisvið).

Fagrád um atvinnusjúkdóma og vinnuvernd (gæða- og lýðheilsusvið).

Fagrád um geðvernd (gæða- og lýðheilsusvið).

Fagrád um heilsueflingu (gæða- og lýðheilsusvið).

Fagrád um mæðravernd (gæða- og lýðheilsusvið).

Fagrád um ung- og smábarnavernd (gæða- og lýðheilsusvið).

Fagrád um heilsugæslu í skólum (gæða- og lýðheilsusvið).

Fagrád um heilsuvernd aldraðra (gæða- og lýðheilsusvið).

Fagrád um sjón- og heyrnarvernd (gæða- og lýðheilsusvið).

Gæðaráð í öldrunarhjúkrun (gæða- og lýðheilsusvið).
Vinnuhópur um skráningu hjúkrunar (gæða- og lýðheilsusvið).
Vinnuhópar um sjálfsvígsforvarnir (gæða- og lýðheilsusvið).

Utan Landlæknisembættisins:

Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS). (Sóttvarnalæknir er formaður nefndarinnar).

Nefnd um sýklalyfjanotkun og ónæmi sýkla gegn lyfjum (sóttvarnalæknir).

Samstarfshópur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um rafræna sjúkraskrá (heilbrigðistölfræðisvið).

Samstarfshópur landlæknis, Tryggingastofnunar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Hagstofu um innköllun gagna úr heilbrigðisþjónustu (heilbrigðistölfræðisvið).

Stýrihópur um Slysaskrá Íslands (heilbrigðistölfræðisvið).

Verkefnisstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um heilsufar kvenna (heilbrigðistölfræðisvið).

Vinnuhópur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um þróun heilbrigðistölfræði (heilbrigðistölfræðisvið).

Gæðaráð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins (gæða- og lýðheilsusvið).

Flóttamannaráð (gæða- og lýðheilsusvið, varamaður).

Nefnd um bættu ímynd aldraðra (gæða- og lýðheilsusvið).

Samstarfshópur lögbærra yfirvalda um lækningatæki innan ESB og EES (gæða- og lýðheilsusvið).

Samstarfsnefnd um samræmda neyðarsímsvörun (gæða- og lýðheilsusvið).